



Framsækinnt kennari sem hlúði að nemendum: Jón Freyr Þórarinnsson

Höfundar: Hafdís Guðjónsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Mynd 1¹

Jón Freyr Þórarinnsson



Áhersla á skapandi vinnubrögð nemenda, samvinnu og sjálfstæði þeirra hefur lengi verið ríkur þáttur í skólastarfi á Íslandi þó margir telji að slíkt hafi ekki tíðkast. Tilgangurinn með þessari grein er að gefa innsýn í starf kennara fyrir 60 árum sem lagði áherslu á samvinnu, upplýsingamiðaða kennslu, sjálfstæð vinnubrögð nemenda og uppeldisfræði sem tekur mið af börnum og jafnréttishugsjón. Jón Freyr Þórarinnsson var umsjónarkennari okkar höfundanna í fimm ár og hafði mikil áhrif á okkur og sýn okkar á kennslu. Til að kynna okkur umræður skólafólks á Íslandi, á þeim árum sem við vorum nemendur hans, lásum við það sem þá var skrifað í tímaritið *Menntamál*. Við rannsóknina var beitt frásagnarrýni og afturblik notað við gagnaöflun og greiningu. Samræður okkar við Jón um kennsluhætti hans, minningabrot, gögn og myndir úr skólastarfinu lögðu grunninn að frásögninni. Jón Freyr kynnti sér hóp vinnubrögð, leitarnám, vinnubókargerð og námstækni og lagði áherslu á samvinnu og samkennd nemenda sinna. Kennsluhættir hans voru framsæknir og sýn hans á skólastarfið og vinnu með nemendum lögðu grunninn að sterkum félagslegum tengslum bekkjarfélaganna.

Efnisorð: framsæknir kennsluhættir, hópvinna, vinnubókargerð, námstækni, félagsleg tengsl

Inngangur

Í þessari grein er sagt frá Jóni Frey Þórarinssyni kennara í Laugarnesskóla. Hann fæddist árið 1936, ólst upp í Kleppsholtinu, og lauk barnaskólagöngu í Laugarnesskóla. Eftir landspróf frá Austurbæjarskóla fór hann í Kennaraskólann og lauk námi þaðan árið 1956. Hann hóf kennslu í Laugarnesskóla strax að loknu kennaranámi, varð yfirkennari þar árið 1965, skólastjóri skólans árið 1973 og lauk störfum árið 2001. Jón Freyr var bekkjarkennarinn okkar, höfunda greinarinnar, í fimm ár frá árinu 1960 til 1965 og kenndi okkur náttúrufræði tvo vetur í unglingadeild. Við fengum að njóta framsækinnar kennslu hans, þar sem hlúð var að bekkjarandanum og virðing borin fyrir öllum nemendum.

Við kynntumst fyrst haustið 1960 þegar við urðum bekkjarsystur í 8 ára bekk í Laugarnesskóla sem Jón Freyr tók að sér að kenna. Fyrsta skólaárið okkar, 1959–1960, vorum við hvor í sínum 7 ára bekknum í um 200 barna árgangi. Laugalækjarskóli var þá í smíðum því börnum í hverfinu fjölgaði hratt og skólinn var þríséttinn. Börnin sem áttu heima norðan Sundlaugavegar og austan Reykjavegar fóru í Laugalækjarskóla haustið 1960 og jafnframt voru börn, sem bjuggu í Túnunum og höfðu verið

¹ Mynd 1 kemur úr safni Jóns Freys Þórarinssonar og hann var ljósmyndari mynda 2–4 og 6–8. Mynd 5 tók Hafdís Guðjónsdóttir og mynd 9 tók Jónína Vala Kristinsdóttir.

í Höfðaskóla, færð í Laugarnesskóla. Jón Freyr fékk það verkefni haustið 1960 að sameina 34 börn úr þremur hópum í einn bekk.

Eftir lok skyldunáms lágu leiðir okkar í ólíkar áttir en báðar lukum við kennaranámi þó við værum ekki samferða þar. Við sóttum viðbótarmenntun til ólíkra landa en á níunda áratugnum hittumst við aftur í tengslum við kennaramenntun. Við áttuðum okkur fljótlega á því að sýn okkar á kennslu og skólamál var mjög lík. Rætur okkar og hugmyndir um kennslu undir handleiðslu Jóns Freys voru mjög sterkar og höfðu mótað okkur sem kennara. Við fundum að við þyrftum að ræða við hann um þær áherslur sem hann lagði í kennslu sinni með það að markmiði að skrifa um það. Í lok árs 2002 tókum við viðtal við Jón sem hafði nýlokið störfum. Fljótlega kom í ljós að við þyrftum að hitta hann aftur til að spyrja nánar um atriði sem tengdust kennsluháttum hans og hugmyndum um skólastarf. Vegna anna okkar við ólík verkefni náðum við ekki að taka annað viðtal við hann um efnið. Jón Freyr lést í lok árs 2019 og því byggir greinin að hluta til á minningum okkar sem nemendur hans og ígrundun um þau áhrif sem sú reynsla hafði á okkur sem kennara. Auk þess höfum við fengið leyfi nokkurra bekkjarsystkina til að deila minningum þeirra sem nemendur Jóns.

Í upphafi greinum við frá rannsóknaraðferð okkar og hvernig gagnaöflun fór fram. Næst lýsum við stöðunni í skólamáli á þeim tíma sem Jón Freyr kenndi okkur, fjöllum um helstu áhersluatriði og nýjungar sem kynntar voru til sögunnar á Íslandi á þessum tíma og byggjum aðallega á skrifum í tímaritið *Menntamál*. Í lokin segjum við frá námsárunum hjá Jóni Frey.

Rannsókn

Rannsóknin sem hér er fjallað um var eigindleg frásagnarrýni (e. narrative inquiry) þar sem við nýttum afturblik (e. retrospective inquiry) við gagnaöflun og frásagnarrýni við úrvinnslu og greiningu gagna.

Aðferðafræði

Þegar afturbliki er beitt við rannsóknir er byggt á sögulegum upplýsingum og fyrirliggjandi gögn um atburði sem þegar hafa átt sér stað notuð til að rifja upp. Greining þeirra er mikilvæg til að öðlast skilning á innbyrðis tengslum (Dalmau og Hafdís Guðjónsdóttir, 2017) milli ákveðinna fyrirbæra og sambærilegs ástands sem átti sér stað í fortíðinni. Afturblik við gagnagreiningu veitir innsýn í þróun, framkvæmd eða atburði sem þegar hafa átt sér stað (Glewwe o.fl., 2004). Aðferðin varpar ljósi á það langtímaferli sem einkennir breytingar á skólastarfi og skýringar á þeim (Ahouanménou-Agueh, 2002). Afturblik hjálpar við að greina tilgang menntunar, setja markmið og þróa skólastarf (McMillan Culp o.fl., 2005). Frásagnarrýni er rannsókn á upplifun fólks þar sem frásagnir eða sögur eru viðfang greiningar (Caine o.fl., 2013). Upplifun þátttakenda, sem byggir á lífsreynslu þeirra, er skráð og skoðað hvaða merkingu þeir leggja í reynsluna (Clandinin, 2006; Clandinin, 2013).

Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni tóku þátt kennarinn sem fjallað er um, tveir rannsakendur sem eru fyrrum nemendur hans og bekkjarfélagar þeirra. Gögnin sem rannsóknin byggist á eru viðtal við kennarann Jón Frey, verkefni nemenda hans, minningabók frá 1965 og ljósmyndir. Afturblik höfunda og bekkjarfélaga svo sem sögur, minningargreinar og skrif á Facebook eru einnig hluti af gögnunum. Árið 2002 var tekið tveggja tíma viðtal við Jón Frey sem var hljóð- og afritað. Gagnaúrvinnslan fór þannig fram að við skoðuðum gögnin, skráðum athyglisverð atriði og við það urðu til vettvangstextar og sögur. Upplifun þátttakenda varð að frásögnum og síðar endursögnum. Þróunarstigin voru nokkur en að lokum varð til lokaútgáfa frásagnanna sem birtist sem niðurstöður í þessari grein kafla (Clandinin, 2013).

Umræða í menntamálum í kjölfar nýrra fræðslulaga

Árið 1944 varð Ísland lýðveldi og bjartsýnistímar ríktu á landinu. Ný fræðslulög voru samþykkt 1946 og með þeim leiddar í lög miklar breytingar á menntakerfinu. Við gerð laganna var aðallega tekið mið af þróun menntamála á Norðurlöndunum og Bretlandi (Helgi Skúli Kjartansson, 2008) og áhersla lögð á samræmingu menntakerfisins, jafnrétti til náms og skólaskyldu komið á. Í þessum löndum var lögð áhersla á að skólar höguðu starfsemi sinni þannig að nemendur nyttu sín sem best og fengju uppeldi og fræðslu sem hentaði hverjum og einum. Talið var mikilvægt að hvoru tveggja væri haft í huga, uppeldi og fræðsla og aðgengi að menntun væri jafnt öllum (Hlynur Ó. Björnsson, 2008).

Við leggjum áherslu á að rifja upp það sem var að gerast í skólumálum á Íslandi á þeim tíma sem Jón Freyr kenndi okkur. Við leitum aðallega fanga í frásagnir í *Menntamálum* sem var helsta tímarit um uppeldis- og menntamál á Íslandi á þessum tíma. Þeir sem skrifuðu í tímaritið tengdust allir skólastarfi, svo sem sálfræðingar, fræðslustjórar og kennarar. Við völdum að kynna okkur umfjöllun um þætti sem við teljum að hafi einkennt kennsluhætti Jóns Freys, skipandi vinnubrögð, samvinnu og sjálfstæði nemenda. Við fjöllum um kennarann sem fagmann, kennsluhætti og náms- og kennsluáðstæður.

Kennarinn sem fagmaður

Persónuleiki kennarans, framkoma hans við nemendur og hvatning getur haft varanleg áhrif á nemendur. Í skrifum Magnúsar Gíslasonar (1960) kemur fram að það skipti ekki síður máli fyrir nemendur hjá hverjum þeir læra en hvað þeir læra. Þó að góð þekking á viðfangsefninu, markviss vinnubrögð og hentug verkefni skipti miklu máli fyrir nemendur þá er gott lundarfar og fordæmi kennarans ekki síður mikilvægt. Magnús benti á mikilvægi samstarfs milli kennara og að þeir miðluðu góðri reynslu hver til annars. Í mörgum öðrum greinum *Menntamála* frá þessum tíma kemur fram að kennarar og skólamenn gerðu sér grein fyrir því að þeir þyrftu að kynna sér hugmyndir um virka kennsluhætti. Kennarar fóru á námskeið og ráðstefnur og ferðuðust til annarra landa, oftast með styrk frá menntamálayfirvöldum. Þeir skrifuðu svo um reynslu sína í Menntamál.

Margir höfðu af því áhyggjur að miklar kröfur væru gerðar til barna, skóladagurinn væri langur og eftir hann þyrfti að sinna heimanámi. Varasamt væri að gera of miklar kröfur í námi og leggja þyrfti meiri áherslu á uppeldisstarfið, frjáls félagsstörf, leiki og útiveru (Skúli Þorsteinsson, 1953). Árni Guðmundsson (1962) taldi dansinn vera dæmi um hreyfingu sem gæti haft uppeldisgildi og þjálfað nemendur í framkomu og samskiptum. Til að ná árangri væri mikilvægt að almennir kennarar tækju að sér danskennsluna en hún mætti ekki koma í stað íþróttakennslu.

Sálfræðingar voru áberandi þátttakendur í umræðunni um skólastarf, nemendur og nám þeirra á þessum tíma. Þeir lögðu áherslu á að skólafólk hefði gott aðgengi að sálfræðingum og töldu að þeir gætu miðlað þekkingu sinni um uppeldi og aðstöðu barna. Greindarpróf á íslensku og skólafærniþróf urðu til á þessum tíma (Ásgeir Guðmundsson, 1962).

Á árunum eftir að ný fræðslulöggjöf var samþykkt voru sérkennslumál og námsmat sett á oddinn. Áhersla var á hvernig hægt væri að koma til móts við nemendur sem áttu erfitt með lærdóminn. Hópur kennara kynnti sér sérstaklega hvernig best væri að haga lestrarkennslunni þannig að allir nemendur lærðu að lesa og um það var skrifað í *Menntamál* (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

Kennarar sem kynntu sér kennslu í nágrannalöndum skrifuðu um foreldrasamstarf sem var að þróast þar. Jónas Guðjónsson (1960) kennari við Laugarnesskóla flutti erindi á kvöldfundi fyrir foreldra barna sem hófu skólagöngu haustið 1959. Hann fjallaði um hvers mætti vænta af skólanum þennan vetur varðandi börnin sem voru að hefja skólagöngu sína. Jónas ræddi um röðun í bekk, lestrarkennslu og heimanám. Inntak erindisins fannst okkur athyglisvert og ekki hvað síst vegna þess að það er haldið haustið sem við hófum skólagöngu og gera má ráð fyrir að foreldrar okkar hafi sótt fundinn. Við lestur greinarinnar rifjaðist upp margt frá þessum tíma.

Kennsluhættir

Ljóst er af skrifum sem birtust í *Menntamálum* að margir kennarar höfðu áhuga á að kynna sér fjölbreytta kennsluhætti og áherslan á að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda var mörgum hugleikin. Í nokkrum greinum var sagt frá kennsluháttum sem höfundar kynntust á ferðum sínum erlendis og kölluðu *frjálst starf*. *Starfsuppeldisfræði* var skólastefna sem þróaðist í Svíþjóð um miðja tuttugustu öldina (Sigurður Gunnarsson, 1956). Grunntónn hennar var að nemendur fengju tækifæri til félags- og persónulegs þroska í skólanum. Ein leið til að ná þeim markmiðum var að bjóða upp á hópastarf og samvinnu þar sem kennsluaðferðinni frjáls starfsaðferð (Sigurður Gunnarsson, 1956) var beitt. Jón Kristgeirsson (1956) kynntist áþekkum vinnubrögðum í Bandaríkjunum sem hann nefndi *frjálsmannleg vinnubrögð*.

Sigurður (1956) vitnaði í nemanda sinn sem sagði um þessi vinnubrögð: „Þegar maður fær að velja verkefnið sjálfur, fær maður miklu meiri áhuga og leggur sig allan fram. Allir kennarar ættu að kenna á þennan hátt. Þá þreytist maður ekki á að ganga í skólann. Þá er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt á hverjum degi.“ (bls. 156–157). Sigurður (1956) fjallaði einnig um það sem hann kallaði *frjáls lífræn vinnubrögð* og taldi hann þau algeng í skólum í Noregi. Hann gaf dæmi um útfærsluna þar sem nemendur höfðu samband við fyrirtæki til að afla sér upplýsinga og fengu ekki einungis svör heldur ýmsa hluti sem tengdust heimsókninni. Í greinum um frjálsmannlega kennsluhætti kemur fram að ákveðin tortryggni ríkti í garð þessara vinnubragða, nemendur næðu einungis að læra um það sem þeir sjálfir fjölluðu um en ekki það efni sem aðrir nemendahópar sérhæfðu sig í (Jón Kristgeirsson, 1956; Sigurður Gunnarsson, 1956).

Sigurþór Þorgilsson (1963) kynnti starfrænar uppeldis- og kennsluaðferðir í *Menntamálum*. Hann var eftirlitskennari í skólum Reykjavíkur og átti að aðstoða kennara við að nýta sér þessar aðferðir. Við höfum dregið saman ákveðin atriði úr grein Sigurþórs sem okkur finnst lýsa vel þeirri kennslu sem við upplifðum hjá Jóni Frey.

Í grein sinni byrjar Sigurþór á gagnrýni á íslenskt skólastarf. Hann segist efast um að innra starf skólanna sé í samræmi við kröfur nútímans og að uppeldisstarf skólanna hafi verið endurbætt á grundvelli vísindalegra rannsókna og athugana. Honum finnst mikilvægt að skólarnir noti þroskavænlegar leiðir við uppeldi og alhliða menntun og bendir á að þjóðir, sem lengst eru komnar í skólamálum, leggi starfrænt uppeldi til grundvallar í fræðslukerfum sínum. Hér á landi hafi skólinn ekki náð að útbúa námsumhverfi sem nái til barnanna og því hafi mörg börn ekki áhuga á náminu. Of oft stýri kennarinn og kennslubókin náminu, þá séu allir nemendur á sama stað í námsefninu og kennslan fyrst og fremst yfirheyrsla þar sem nemendur eigi að festa sér ákveðin þekkingaratriði í minni sínu. Í þannig námsumhverfi fái nemandinn lítið rými til að móta frjóa og skapandi hugsun, þróa námstækni eða þroskast í samstarfi við aðra. Sigurþór telur að þegar þannig sé komið sé prófin farin að stýra því hvaða kennsluaðferðir eru valdar – að kennarar eigi erfitt með að breyta kennsluaðferðum sínum vegna þess að þá komist þeir ekki yfir efnið sem prófað verður í og því fastir í ákveðnum vítahring.

Sigurþór fjallar í seinni hluta greinarinnar um starfrænt uppeldi. Hann segir að með því sé stefnt að því að koma til móts við nemendur þannig að þeir finni námsleiðir og starfsaðferðir sem styrkja persónuþroska þeirra. Valdar séu starfsleiðir sem feli í sér samvinnu milli nemenda og að með þeim skapist ákveðin félagsleg skilyrði. Lögð sé áhersla á sjálfsaga og að hver nemandi beri ábyrgð á ákveðnum þáttum innan bekkjarins. Einkunnarorðin eru hjálpssemi, samábyrgð og félagsþroski. Leiðarstefið sé að bera virðingu fyrir öðrum.

Starfræna fræðslan segir Sigurþór að sé til skiptis bekkjarkennsla, hópkenndsla og einstaklingskennsla. Unnið sé einstaklingslega eða í hópum að lausn ákveðins verkefnis og hver nemandi fái verkefni við sitt hæfi, svo allir séu virkir. Lögð sé áhersla á ákveðna námstækni sem felist í eftirfarandi þáttum:

1. að greina á milli aðalatriða og aukaatriða
2. að geta fundið söguþráð úr kafla og skrifa úr honum fyrirsgnir og hjálparorð
3. að draga saman efni úr kafla og flytja um það eigin fyrirlestur með aðstoð fyrirsgna og hjálparorða
4. að kunna að nota efnisyfirlit
5. að safna ákveðnu efni úr fleiri en einni heimild
6. að þekkja á korti, að kunna að nota samanburðartöflu (línurit) af ólíkum tegundum
7. að gagnrýna eigin verk bæði með tilliti til stafsetningar, efnis og framsetningar (Sigurbór Þorgilsson, 1963, bls. 72–73).

Sigurbór leggur áherslu á að starfræn kennsla henti vel í lesgreinum og að nemendur fái mikla þjálfun í móðurmáli, lestri, stafsetningu og framsetningu á eigin efni þegar unnið er samkvæmt henni. Hann bendir á að þá fái nemendur tækifæri til að þjálfra lestrartækni, skilningslestur, hljóðlestur, hraðlestur, yfirlitslestur og námslestur. Nemendur lesi mikið, vinni eigin texta úr því sem þeir lesa, skrái hjá sér hjálparorð og skrifi að lokum samfelldan texta. Sigurbór telur meginvandamál kennara vera aðgengi að heppilegu námsefni og hjálpargögnum, sem þurfi að falla að þroskastigi nemenda.

Starfræna kennslan hefst á sameiginlegri kennslu þar sem verkefnið er kynnt og farið yfir vinnubrögð. Nemendum er skipt upp í 4–6 manna hópa, ýmist að eigin vali, dregið eða kennarinn skipar í hópana. Hópurinn fær stundum að velja verkefni en í önnur skipti er dregið. Oft eru einstaklingsverkefni unnin samhliða en þá fær hver nemandi að velja sjálfur verkefnin sem hann vill vinna að og vinnur þau á þeim hraða sem er honum eðlilegur. Verkefninu er síðan lokið með kynningu á úrvinnslu nemenda (Sigurbór Þorgilsson, 1963).

Náms- og kennsluáðstæður

Forsenda starfrænu kennslunnar er aðgangur að góðu bókasafni, þar sem nemendur eiga þess kost að lesa heimildabækur. Á ferðum sínum erlendis kynntust margir skólabókasöfnum og lesstofum og skrifuðu um það í *Menntamál* (Ármann Kr. Einarsson, 1962; Jónas B. Jónsson, 1955). Sagt var frá ýmsum vinnubrögðum sem voru viðhöfð á skólabókasöfnum og þá oft í samvinnu við bekkjarkennara.

Frumvarp um Kvikmyndastofnun ríkisins var lagt fram 1946 um leið og fræðslulögin og var gert ráð fyrir því að hún sæi skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum (Ármann Halldórsson, 1947). Umræður um notkun segulbanda, kvik- og skuggamynda við kennslu fóru fram meðal skólamanna, bæði í ræðu og riti og voru skoðanir um gagnsemi myndasýninga við kennslu ólíkar. Sumir hvöttu kennara til að nýta sér þessa kennslutækni og þróa kennsluhætti sína með tilliti til þeirra. Aðrir bentu á að til þess að svo mætti verða þyrfti aðgengi að kennslutækjum og námsefni að aukast (Helgi Tryggvason, 1952). Meðal annars þóttu eftirfarandi þrír þættir vera skilyrði fyrir því að vel tækist til: a) aðgengi að nothæfum kennslufilmmum, b) skólarnir tækju rými undir kvikmyndasýningar og c) að gert væri ráð fyrir kvikmyndasýningum á stundatöflunni (Guðjón Guðjónsson, 1955). Jóhannes Óli Sæmundsson (1955) benti á að við hlutstæða kennslu og starfrænt nám þyrftu kennarar alls konar hjálpargögn, rúman tíma og frjálsglega námstílhögun. Skólavörubúðin var opnuð á þessum tíma og Fræðslumyndasafn var stofnað. Stutt var við Ríkisútgáfu námsbóka með lagabreytingu 1956 og margar nýjar námsbækur litu dagsins ljós næsta áratuginn (Jón E. Guðjónsson, 1962).

Á sjöunda áratugnum skrifaði Gestur Þorgrímsson tvær greinar í *Menntamál* um náms- og kennslutækni og talaði um fjölskymskennslu. Gestur Þorgrímsson (1962) fjallaði um hvernig börn læra og það sem kennarinn þarf að hafa í huga er hann skipuleggur kennsluna. Hann taldi mikilvægt að kennarar leiddu hugann að því áður en þeir nýttu sér ýmiss konar fjölskymsstæki. Í umfjöllun sinni tók Gestur námsferðir sem dæmi um reynslunám (1962, 1965). Hann taldi að þær gætu bætt nám nemenda vegna þess að á meðan á þeim stæði væru þeir virkir, sæju það sem þeir væru að læra um í sínu rétta umhverfi og kynntust því af eigin raun. Hann lagði mikla áherslu á að kennslutækni og myndir yrðu einungis gagnlegar til kennslu ef kennarinn kynnti sér þær vel og veldi myndir sem tengdust því efni sem fjallað væri um (Gestur Þorgrímsson, 1965). Áður höfðu birst greinar um vettvangsferðir sem

dæmi um reynslunám. Sigurður Pétursson (1958) benti á að til þess að nemendur öðluðust skilning á náttúrufræði væri nauðsynlegt að þeir kynntust henni í gegnum vettvangsferðir, fengju tækifæri til að gera tilraunir, kryfja dýr og taka þátt í gróðursetningu. Einnig var bent á að skógrækt og gróðursetning ætti að vera hluti af reynslunámi og eðlilegt að kennarar leiðbeindu nemendum við gróðursetningu (Skúli Þorsteinsson, 1958).

Mat á námi var eitt af þeim málefnum sem tekið var fyrir í nýjum fræðslulögum frá 1946, samræmd próf voru fyrirskipuð við lok barnaskólastigs og prófa skyldi öll börn á aldrinum 8–13 ára í lestri, stafsetningu, málfræði og reikningi (lög um skólakerfi og fræðsluskyldu nr. 22/1946). Niðurstöður samræmda prófa voru notaðar til að velja nemendur inn í framhaldsnám eða menntaskóla. Hjá mörgum kennurum tók kennslan mið af því og voru nemendur undirbúnir fyrir prófin með markvissum kennsluháttum (Hlynur Ó. Björnsson, 2008).

Samantekt

Margir þeirra sem skrifuðu í *Menntamál* á árunum 1946 til 1967 höfðu fengið tækifæri til að kynna sér það sem var að gerast í skólamálum í nágrannalöndum okkar og skrifuðu um það. Rætt var um kennarann sem fyrirmynd í skólastarfi, samvinnu kennara og foreldrasamstarf. Áhugi var á virkum kennsluháttum sem gengu undir ýmsum nöfnum, svo sem starfræn kennsla og frjálsar aðferðir, en sameiginlegt þeim var að virkja áhuga nemenda og samvinna var í fyrirrúmi. Tækninýjungar voru mörgum hugleiknar og hugtökin fjölskynskennsla og reynslunám notuð í umræðunni um nýtingu tækni og námsferða.

Hlúð að nemendum með skapandi vinnu og samvinnu

Jón Freyr starfaði alla tíð við Laugarnesskóla. Þegar hann hóf kennslu um miðjan sjötta áratug síðustu aldar var hann nýtskrifaður kennari sem hafði ákveðnar hugmyndir um hvers konar kennari hann vildi verða. Jón Freyr sagði okkur frá því að hugsjón hans hefði verið „að leggja áherslu á samvinnu, upplýsingamiðaða kennslu, sjálfstæð vinnubrögð nemenda og uppeldisfræði sem tæki mið af börnum og jafnréttishugsjón frekar en úrvalsstefnu skólayfirvalda“. Í kaflanum verður sögð saga af kennslu Jóns Freys á þeim árum sem hann kenndi okkur í Laugarnesskóla. Í fyrri hlutanum fjöllum við um kennsluhætti hans, þar sem samvinna og skapandi vinnubrögð voru í fyrirrúmi, lestrarnám og kennslutækni. Í seinni hlutanum segjum við frá þeim áhrifum sem hann hafði á félagsmótun bekkjarins þar sem söngur, dans, ferðalög og undirbúningur þeirra hafði afgerandi áhrif á hve sterkum böndum bekkjarfélagarnir tengdust.

Mynd 2

12 ára B veturinn 1964–1965.



Kennsluhættir – samvinna og skapandi vinnubrögð

Jón Freyr sagði okkur frá því að fræðslufirvöld í Reykjavík hefðu viljað styrkja kennsluna í skólum borgarinnar og fengið til liðs við sig kennara sem höfðu farið í framhaldsnám og einnig styrkt hópa til að kynna sér nýjungar í kennslumálum. Sigurþór Þorgilsson, kennari við Miðbæjarskóla, hefði kynnt starfrænar kennsluaðferðir í nokkrum skólum en fengið lítinn hljómgrunn og margir kennarar snúist gegn þeim. Jóni Frey leist mjög vel á hugmyndir hans og fékk leyfi til að heimsækja Sigurþór í kennslu og fylgjast með skólastarfinu hjá honum. Þeir hittust líka nokkrum sinnum og ræddu saman um vinnubrögðin.

Hópvinna og vinnubækur

Kennsluaðferðirnar sem Jón Freyr kynntist hjá Sigurþóri nýttust honum sérstaklega vel í bóklegum kennslugreinum sem voru landafræði, saga, náttúrufræði og kristinfræði. Nemendur unnu bæði í hópi og einstaklingslega og lagði hann áherslu á að kenna okkur samvinnu og samkennd gagnvart bekkjarfélögunum. Við gerðum okkar eigin vinnubækur en unnum líka sameiginleg verkefni í hópvinnu.

Í hópvinnunni skipti Jón Freyr okkur í fjögurra til fimm manna hópa. Áður en hann valdi í hópana gerði hann könnun þar sem við skráðum nöfn þeirra sem okkur langaði mest til að vinna með. Verkefnin sem við unnum voru af ýmsum toga. Í landafræði gerðum við stór landakort. Jón varpaði útlínunum landakortanna á vegg með skyggusýningarvél og teiknuðum við útlínurnar á stórt pappaspjald. Kortin voru lituð í hæðarlitum og myndir teiknaðar af ýmsu af því sem við fjölluðum um. Við náðum líka í auglýsingabæklinga hjá ferðaskrifstofum og nýttum okkur myndir úr þeim til að líma á spjaldið.

Í náttúrufræði teiknuðum við dýr og jurtir á stór spjöld og skráðum upplýsingar um þær. Þegar við unnum um landnámsmenn í Íslandssögu gerðum við kort af Íslandi og merktum landnámsjarðirnar inn á það. Tvö verkefni sem gerð voru í þrívídd eru okkur sérstaklega minnisstæð. Þá voru búin til fiskabúr og fuglabúr. Allir í bekknum hjálpuðust svo að við að teikna fugla og fiska, klippa út og hengja í búrin. Hafdís minnst þessarar vinnu:

Ég man til dæmis eftir því að hafa gert fiskabúr með öllum fiskunum sem við áttum að læra um í náttúrufræði eitt árið. Við klipptum þrjár hliðar út úr pappakassa og settum sellófan í hliðarnar. Við teiknuðum fiska í tvöföldu formi og límduð saman með garnspotta á milli, fiskarnir voru síðan hengdir upp. Að lokum settum við sand í botninn, steina og skeljar. Ég hafði mjög gaman af þessu föndri, vandaði mig við að teikna fiskana og herma eftir myndunum sem við fengum.

Við fórum oft í vettvangsferðir í tengslum við verkefnavinnuna, til dæmis á Þjóðminjasafnið og listasöfn. Jón Freyr taldi líka mikilvægt að nemendur hans æfðust í að koma fram og kynntu verkefni sín hver fyrir öðrum við lok hópvinunnar:

Markmiðið var líka að hver og einn segði frá því sem hann hafði verið að gera. ...Mér fannst þetta vera mjög mikill þáttur í þessum verkefnum og svo náttúrulega annað sem við vorum að gera okkur til gamans, eins og að halda skemmtanir.

Bekkjarsystir okkar sagði okkur frá reynslu sinni sem nemandi í bekknum. Hún sagðist hafa kviðið fyrir að læra lesgreinarnar, hafði heyrt að það væri svo erfitt. Það hjálpaði henni að Jón Freyr lagði mikla áherslu á verklega vinnu og þar fékk hún að njóta sín. Hún er einstaklega listræn, finnst gaman að teikna og vinna í höndunum og þessi vinnubrögð hentuðu henni því vel.

Mynd 3

Heimsókn á Listasafn Ásgríms Jónssonar 1963.



Vinnubækurnar voru einstaklingsverkefni. Við útbjuggum lausblaðamöppu fyrir hverja lesgrein til að geyma vinnublöðin í. Möppuna myndskreyttum við og lögðu flestir mikla rækt við að útbúa fallegar möppur. Jón Freyr kenndi okkur líka að afla upplýsinga úr fræðiritum og skrifa fræðilegan texta um ákveðin mál. Hann benti á að oft hafi verið erfitt að finna bækur sem hentuðu börnum:

Ég notaði *Land og Líf* sem fjallaði bæði um landafræði og sögu og kom með sett að heiman en einnig komuð þið nemendurnir oft með bækur. En þetta voru bækur fyrir fullorðna og þær urðu að duga til að þjálfar nemendur í að lesa heimildir og vinna úr þeim. Á þessum tíma tíðkaðist að kennarar ynnu úr námsefninu og fjölfölduðu, jafnvel í litum. Þá var notaður sprittfjölriti og glusserinkassi. Þessi verkefni þóttu mjög flott en ég vildi vinna öðruvísi og að verkefnið og vinnan væri ykkar.

Við höfundarnir eigum báðar minningar frá þessum tíma og Jónína rifjar upp textaskrifin:

Þegar við byrjuðum að læra lesgreinar í 10 ára bekk kenndi Jón Freyr okkur að skrifa eigin texta um efnið. Þetta var ekki auðvelt því þá var ekki til neitt fræðilegt efni fyrir börn á íslensku. Við lásum þá texta sem okkur voru úthlutaðir og völdum úr hjálparorð sem við skrifuðum hjá okkur. Svo áttum við að lesa textann yfir nokkrum sinnum, leggja bókina frá okkur og skrifa eigin texta um efnið með aðstoð hjálparorðanna. Þetta var mjög erfitt í upphafi og man ég vel eftir að hafa laumast til að opna bókina þegar ég var að skrifa minn eigin texta.

Hafdís segir frá vinnubókargerðinni:

Mér fannst vinnubókargerðin einstaklega skemmtileg og vaknaði oft klukkan sex á morgnana, útbjó heitt kakó og sat með sængina mína við eldhúsbordinu og samdi texta upp úr hjálparorðunum. Jón Freyr las hann alltaf yfir áður en við gátum hreinskrifað hann og myndskreytt.

Vinnubókarblöðin voru auð blöð og þurftum við sjálf að strika línur á þau. Við nefndum við Jón að okkur hefði þótt leiðinlegast að gera línurnar þegar við unnum þau. Það hefði verið svo erfitt að fá þær beinar og svo vildum við ekki láta þær sjást. Þá greip Jón Freyr inn í samræður okkar og sagði hálfhlæjandi:

Í mínum huga var það ekkert keppikefli að þetta væri eitthvað beint. Aðalmálið var náttúrulega textinn sem var skrifaður. Það var aðalmarkmiðið að finna texta um málefnið sem þið gátuð lesið og unnið texta upp úr. Þið þurftuð að búa til hjálparorð upp úr textanum. Sumir reyndu nú að komast hjá því að skrá hjálparorðin og vildu skrifa textann

beint upp, en grunnurinn að þessum kennsluháttum var að þið læsuð textann og skráðuð um leið hjá ykkur meginmálið í punktum, hjálparorðin, og endurskrifuðuð síðan textann með ykkar eigin orðum eða skilningi.

Við erum sammála um að þessi vinnubrögð hafi fylgt okkur því enn í dag skráum við punkta hjá okkur og tölum síðan út frá þeim þegar við höldum erindi og við fræðileg skrif. Hugar- eða hugtakakort, hugstormun eða hugarflæði sem eru afbrigði eða framhald af punktaskrifum höfum við einnig tileinkað okkur og teljum að það hafi verið eðlilegt framhald af þeim vinnubrögðum sem við vöndumst sem nemendur Jóns Freys í barnaskóla.

Jón Freyr taldi að í byrjun hefðum við ekki kvartað svo mikið yfir þessum vinnubrögðum en svo hefðu sumir nemendur farið að kvarta yfir þeim og hafi hann látið aðeins undan og leyft okkur að ráða meira hvernig við unnum textana. Hann lagði á það áherslu að lesa alltaf yfir það sem nemendurnir skrifuðu. Honum fannst mikilvægt að nemendur sem unnu svona mikið sjálfstætt báru textana undir hann áður en þeir væru fullkláraðir. Í minningarpunktum sínum skrifaði Hafdís:

Ég man eftir því að hafa þurft að bera textana mína undir Jón Frey og var alltaf svolítið spennt að fá hann til að lesa þá yfir en þetta ferli hjálpaði mér og gerir ennþá.

Sjálfstæð vinnubrögð og samvinna nemenda einkenndu kennsluhætti Jóns. Á þessum árum þótti mikilvægt að góður vinnufriður væri í kennslustofum og nemendur sætu hljóðir í sætum sínum. Jón Freyr sagði okkur frá einni eldri kennslukonu í skólanum sem hann dáðist að:

Það var alltaf svo hljótt hjá henni en það var aldrei svoléiðis hjá mér. Og ég vildi ekki hafa það svoléiðis, ég vildi hafa það þannig að allir gátu labbað um stofuna, það var hugmyndafræðin að baki. ...Já, ég fæ örugglega grunninn hjá Sigurþóri.

Við ræddum líka um samvinnu okkar í stærðfræðitímum. Við kepptumst við að reikna og töludum saman um hvernig við reiknuðum dæmin, bárum saman niðurstöðurnar og skemmtum okkur vel og því var oft talsverður klíður í skólastofunni.

Á þessum árum var til bók með orðadæmum sem kennarar gátu notað til að lesa upp fyrir nemendur sína. Stundum las Jón Freyr fyrir okkur nokkur slík dæmi og minnst Jónína þess:

Við sátum í sætum okkar og hugsuðum lausnina. Við áttum svo að rétta upp hönd þegar við höfðum fundið svarið. Mér fannst þetta óskaplega skemmtilegir tímar því mér fannst svo gaman að glíma við svona þrautir. Jón gaf okkur góðan tíma til að leysa dæmin og beið þangað til margar hendur voru komnar á loft.

Þó svo að stærðfræðinámið væri ekki skipulagt sem hópvinna fengum við að ræða saman um það og okkur er minnisstæðast hvað það var gaman að reikna í reikningsheftin okkar og tala saman um hvernig við reiknuðum dæmin.

Samvinna í stað samkeppni

Kennsluhættir á sjöunda áratugnum voru víða miðaðir við að sem flestir nemendur fengju háar einkunnir og þess vegna var sennilega erfitt að fá kennara til að breyta kennsluháttum sínum þó kallað væri eftir því, meðal annars af yfirvöldum. Jón Freyr sagði frá venju í Laugarnesskóla, að lesa upp einkunnir, sem hafði lengi verið viðhöfð þegar hann tók við sem skólastjóri og átti hann erfitt með að taka þátt í:

Mér fannst þessi áhersla og þetta fyrirkomulag mjög óþægilegt og vildi ekki taka þátt í þessu. Ég las ekki upp tölur, en þeir sem höfðu fengið hæstu einkunnirnar í hverjum bekk fyrir sig voru lesnir upp og ég afhenti þeim einkunnablaðið. Það var viðurkenningin sem þeir fengu, að fá að koma upp á pall, mér fannst það geta gengið en ekkert meira en það, ég vildi ekki fara út í verðlaunaafhendingu því það fannst mér óþægilegt.

Þessi frásögn Jóns Freys er frá þeim tíma sem hann var í stöðu stjórnanda en viðhorf hans einkenndu einnig starf hans þegar hann kenndi okkur. Hann vildi ekki færa nemendur milli bekkja og lagði áherslu á samheldni innan bekkjarins. Þessi viðhorf komu skýrt fram í allri kennslu hans, hlýja, hvatning og stuðningur voru einhvern veginn alltumlykjandi. Við minnumst þess hvað var gaman í skólanum og alltaf stutt í skemmtilegheit og hlátur. Jón Freyr fór sínar leiðir og hélst hópurinn okkar svo til óbreyttur fram að unglिंगastiginu. Þá voru bekkirnir stokkaðir upp og nemendahópurinn breyttist nokkuð.

Lestrarnám

Þegar Jón Freyr tók við bekknum okkar vorum við sennilega flest farin að ná tökum á lestrinum. Hann setti okkur fyrir að lesa heima í lestrarbókum til að tryggja að við þjálfuðumst í lestri. Í skólanum lásúm við svo textann saman þannig að hver og einn las eina eða nokkrar efnisgreinar og hlustuðum við á hvert annað. Við ræddum líka um efni kaflanna sem við lásúm og var oft hlegið að skemmtilegum upþákomum í sögunum. Þegar við vorum komin í 9 ára bekk lagði Jón Freyr áherslu á frásögn. Við áttum að lesa hátt og skýrt og jafnvel með leikrænum tilburðum. Hann gerði fleira til að örva lesturinn, það var gott bókasafn í Laugarnesskóla og hann hvatti okkur til að velja okkur bækur til yndislesturs. Til að halda utan um lesturinn var hann með stílabók þar sem hvert okkar hafði eina opnu og þar skráði hann heiti bókar, höfund og blaðsíðutal. Um leið og hann gerði það bað hann okkur um að segja frá bókinni. Hafðis minnst þessa:

Ég var mjög spennt fyrir þessu, mér fannst óskaplega gaman að lesa og las allt sem ég komst yfir, bæði bækur sem höfðuðu til mín en líka alls konar bækur sem margar voru torlesnar. Ég man að oft var taskan mín þung, sérstaklega eftir frídaga, en ég var bæði samviskusöm og líka kappsöm og þurfti Jón Freyr að skrá allt sem ég las. Man ennþá daginn þegar ég hafði náð 100 bóka takmarkinu. Aldrei vissi ég hvað aðrir voru að lesa, það var engin samkeppni, við kepptum við okkur sjálf en ekki innbyrðis.

Jón Freyr brást við þessu:

Já, þetta var hluti af dæminu að fylgjast með hvað þið væruð að lesa og hvort þið væruð eitthvað að lesa. Það hvarflaði aldrei að mér að einhver segðist hafa lesið eitthvað sem hann hefði ekki lesið, datt ekki í hug að þið væruð að búa eitthvað til.

Lestrarnámið varð þannig ánægjulegt og það var spennandi að geta sjálfur fengið að velja sér lesefni. Þegar við vorum orðin 10 ára gömul og lesgreinarnar tóku við höfðum við því fengið góðan grunn í lestri og gátum tekist á við að lesa flókinn texta og semja okkar eigin texta.

Kennslutækni

Jón Freyr var áhugamaður um notkun tækni í kennslu og gekk í félag um kennslutækni. Hann hafði líka mikinn áhuga á ljósmyndun og lagði sig fram um að kynna sér nýjustu tækni á því sviði. Hann tók mikið af ljósmyndum af bekkjarstarfinu. Á ferðalögum sínum tók hann myndir og átti gott safn af litskyggnum sem hann sýndi okkur í tengslum við landafræðikennsluna. Þá sagði hann okkur frá þeim stöðum sem myndirnar voru teknar á og tókst þannig að glæða áhuga okkar á náttúrunni og landsháttum.

Hann sagði okkur frá starfi kennslutæknifélagsins:

Við vorum að leita leiða til þess að bæta kennsluna með einhverjum tækjum. Það var ekki mikið til af tækjum en það var þó eitt tæki sem að kom upp þarna í þessum hópi og það var lítil kvikmyndasýningarvél með kasettu. Þetta var frábært tæki. ... Laugarnesskóli eignaðist aldrei svona tæki en við gátum fengið það lánað í Fræðslumyndasafninu.

Félagið lagði áherslu á að kynna sér notkun nýrra kennslutækja og miðla öðrum af þekkingu sinni:

Það var til dæmis eitt sem ég var að leggja áherslu á við kennara í sambandi við „slides-myndir“, það var að hlaupa ekki inn í kompuna og segja: „Nú ætla ég að hafa „slides-myndasýningu“. Hugsu þetta deginum áður, hvað ætlaðu að sýna þeim, raða þessu í bakkann og hafa þetta tilbúið.

Kennslutækjasýning var haldin í tilefni af 100 ára afmæli skólastarfs á Íslandi og tók Jón Freyr þátt í að koma þeirri sýningu upp. Hann var líka fenginn til að leiðbeina um hvernig átti að umgangast kvikmyndasýningarvélur og sýna myndir. Jón Freyr nýtti því ekki eingöngu tæknina í eigin kennslu heldur var ötull í að miðla öðrum af þekkingu sinni.

Lærdómur um kennsluhætti

Áhersla Jóns Freys á samvinnu, sjálfstæði og skapandi vinnubrögð nemenda var óvenjuleg á þeim árum sem hann kenndi okkur. Skólasystkin okkar öfunduðu okkur mörg af því að hafa kennara sem var gaman að vera hjá. Við áttuðum okkur líka á því að vinnubrögð í bekkjum systkina okkar voru ólík því sem við kynntumst. Þegar við byrjuðum sjálfar að kenna höfðum við kennsluhætti Jóns Freys sem fyrirmynd eins og Hafdís segir frá:

Mér fannst svo gaman í bæði hópvinnum og vinnubókargerðinni að þegar ég varð kennari þá byggði ég kennslu mína í lesgreinunum á þessari reynslu. Það hafði verið lítið fjallað um þessar kennsluáðferðir í kennaranáminu en fljótlega eftir að ég hóf kennslu var samfélagsfræði kynnt til leiks og var ég fljót að tileinka mér þau vinnubrögð því í raun kunni ég ekkert annað.

Fræðilegu vinnubrögðin við textaskrif sem við lærðum voru að okkar mati einstök á þessum tíma. Það að læra að skrifa minnisþunkta úr fræðilegum texta og vinna úr honum sinn eigin texta hefur ekki aðeins nýst okkur sjálfum við að semja texta heldur einnig í kennslu okkar eins og Jónína greinir frá:

Þessi vinnubrögð nýtti ég mér þegar ég byrjaði sjálf að kenna börnum í grunnskóla og gladdist yfir hve mikið var gefið út af fræðilegum textum fyrir börn á þeim árum. Bækur bókaútgáfunnar Bjöllunnar eru dæmi um efni sem nemendur mínir unnu úr.

Fram kom í viðtalinu við Jón Frey að hann hefði ekki fengið mikinn stuðning samkennara sinna við þá kennsluhætti sem hann notaði. Hann nefndi líka að Sigurþór, sem hann taldi sig hafa lært mikið af, hefði verið fenginn til að kynna hópvinnumbrögð fyrir kennurum og ekki fengið mikinn hljómgrunn. Jón tók ungur við sem stjórnandi í Laugarnesskóla og reyndi þá að fá kennara skólans til að þróa kennsluhætti sína en fannst honum verða lítið ágengt. „Ég held kannski að mín aðstaða hafi ekki verið sérstaklega auðveld gagnvart því að vera yngsti kennarinn í skólanum og ætla svo að fara að segja hinum eitthvað til.“ Þátttaka Jóns í kennslutækni félaginu gaf honum tækifæri til að ræða við aðra um vinnubrögð sín og þar gat hann miðlað öðrum af þekkingu sinni og reynslu.

Samskipti og félagsleg tengsl

Sýn Jóns Freys á uppeldi og kennslu barna kom fram í öllu bekkjarstarfinu. Það voru ekki eingöngu kennsluhættirnir heldur öll samskipti hans við okkur nemendur sem einkenndust af því að hann bar hag allra nemenda sinna fyrir brjósti. Við höfundarnir eigum báðar mjög skýrar minningar frá þeim tíma sem hann tók við umsjón bekkjarins og sameinaði þrjá nemendahópa í 8 ára B.

Minning Hafdísar frá haustinu 1960:

Ég var átta ára að byrja í nýjum bekk í Laugarnesskóla. Laugalækjarskóli hóf starfsemi þetta haust og flestir krakkarnir í bekknum mínum fóru þangað og þar með allar vinkonur mínar úr 7 ára bekknum. Við vorum fjórar sem fórum í B-bekkinn, en í bekknum var 21 stelpa. Ég vissi ekki hvar ég átti að setjast en fékk að lokum borð sem var þriðja borðið þar sem annars voru sett saman tvö og tvö. Borðið mitt var í gangveginum, ég varð þriðja

hjólið og fannst ég alltaf fyrir. Mér fannst verkefnin líka erfiðari en áður og að ég réði ekki vel við þau. Saknaði gamla bekkjarins og sérstaklega bekkjarsystra minna. Þetta var upphafið í nýja bekknum, en það leið ekki á löngu þar til kennarinn var búinn að snúa málinu við og ég orðin sátt við stöðu mína. Í raun fannst mér svo gaman í skólanum að ég vildi helst alltaf vera þar.

Minning Jónínu frá haustinu 1960:

Sumarið áður en ég byrjaði í 8 ára bekk hitti ég bekkjarsystur mína úr 7 ára bekk á skólavellinum við Laugarnesskóla. Hún spurði mig hvort ég væri búin að fréttu að við ættum að fá nýjan kennara en ég hafði ekki heyrt um það. Hún sagði mér að kennarinn okkar, Anna Jeppesen, væri að flytja til Húsavíkur og það ætti einhver karl að kenna okkur. Við vorum sammála um að þetta væru hræðilegar fréttir því okkur þótti svo vænt um Önnu, sem var ljúfur og yndislegur kennari og við gátum ekki hugsað okkur að fá einhvern karl í stað hennar. Við vissum líka að hluti bekkjarfélaga okkar myndi fara í nýjan skóla, Laugarlækjarskóla, og það jók á kvíðann. Þegar svo skólinn byrjaði um haustið tók á móti okkur glaðvær ungur maður og allar áhyggjur hurfu eins og döggi fyrir sólu. Jón Freyr var fljótur að ná hylli okkar og skapa góðan bekkjaranda í 34 barna hópi. Við eignuðumst nýja bekkjarfélaga sem komu úr ólíkum áttum og fljótlega hvarf söknuðurinn eftir því sem var.

Við skrif þessa kafla höfum við átt auðvelt með að kalla fram minningar frá barnaskólaárum okkar. Við höfum hitt bekkjarfélaga okkar reglulega síðan 1985 og á fundum okkar höfum við rætt um það sem er okkur minnisstæðast frá tíma okkar í Laugarnesskóla. Hér munum við ræða um þætti í skólastarfinu sem féllu utan hefðbundinnar kennslu námsgreina.

Söngur

Það sköpuðust margar venjur á skólagöngu okkar og í samverunni með Jóni Frey. Þegar við komum inn í skólastofuna stóðum við alltaf fyrir aftan stólana og sungum saman áður en við settumst. Jón kenndi okkur mörg sönglög og texta. Oftast voru valin ættjarðarlög og textar og má segja að við höfum sungið alla texta sem voru í bókinni Skólasöngvar. Í Laugarnesskóla er hefð fyrir morgunsöng í miðrymi skólans. Eftir fyrstu kennslustund stóðu allir nemendur fyrir framan skólastofur sínar og söngkennari skólans stjórnaði söngnum. Við kunnum alltaf lögin og textana og tókum þátt í söngnum af krafti. Í bekknum okkar voru margir góðir söngvarar og við vorum líka vön að syngja mikið saman með Jóni Frey. Sérstaklega fannst okkur gaman þegar sungnir voru keðjusöngvar eða ef við fengum að syngja í röddum eins og Hafdís minnist:

...ég man líka að þegar það kom því að við máttum velja lög, þóttum við velja erfið lög. Við völdum alltaf lag þar sem þurfti að vera forsöngvari og viðlag svo við fengjum að fara upp á pall til að syngja, til dæmis Suðurnesjamenn.

Þegar við fórum í ferðalög sungum við alltaf mikið í rútunni og líka á þeim stöðum sem við dvöldum á, til dæmis í Katlagili og Þórsmörk.

Danskennsla

Á þeim tíma sem Jón Freyr kenndi okkur voru svokallaðir frjálsir tímar á töflu einu sinni í viku. Hann nýtti þessa tíma til að kenna okkur að dansa. Við fórum upp í söngsal sem var í risi Laugarnesskóla og þar lærðum við bæði samkvæmisdansa og gömlu dansana. Hann kenndi okkur að dansa ræl, polka og skottís en einnig enskan vals, tja-tja-tja og djæf. Jón kom með segulbandstæki með stórum spólum og var búinn að velja lög sem við dönsuðum í takt við. Jón sá til þess að við skiptum oft um dansfélaga og gætti þess að enginn væri settur hjá.

Þegar við vorum komin á unglingastig skipulagði Jón danskennslu sem hluta af félagsstarfi í skólanum. Þá kenndi Matthildur Guðmundsdóttir, eiginkona hans, með honum eins og Hafdís minnist:

Jón Freyr og Matthildur voru alla tíð miklir dansarar og með danskennslunni deildi Jón áhugamáli sínu með okkur. Þegar nýju dansarnir bárust til landsins eins og jenka og tvíst var Jón Freyr fljótur að kenna okkur þá.

Í lok bæði 11 og 12 ára bekkjar héldum við sýningu og þar sýndum við danskunnáttu okkar um leið og við söfnuðum í ferðasjóð en foreldrar og skyldmenn þurftu að greiða inn á sýninguna.

Ljósmyndaklúbbur

Jón Freyr var mikill áhugamaður um ljósmyndun og framkallaði myndir sínar sjálfur. Haustið 1963 tók hann að sér að sjá um tómstundanámskeið fyrir nemendur í unglingadeild skólans og var eitt þeirra um ljósmyndun og framköllun. Hann útbjó þá framköllunaraðstöðu í litlu herbergi í risi skólans og leyfði okkur að njóta góðs af. Mörg okkar eiga minningar frá þessum tíma og á samkomum okkar á undanförunum árum hefur ljósmyndaklúbbinn oft borið á góma.

Minningabók

Jón Freyr var umsjónarkennarinn okkar frá því að við vorum í 8 ára bekk og til loka 12 ára bekkjar. Vorið áður en við lukum barnaprófi fékk hann okkur til að skrifa í minningabók bekkjarins. Hann tók mynd af hverju og einu okkar og við fengum eina blaðsíðu til að skrifa það sem við vildum skrifa um og teikna myndir. Aftast í bókina límdi Jón Freyr nokkrar myndir sem hann tók af okkur í leik og starfi. Eftir lát Jóns Freys afhenti ekkja hans, Matthildur Guðmundsdóttir, Hafdís bókina til eignar. Hún hefur nýst okkur höfundunum við textaskrifin og myndirnar sem fylgja kaflanum koma flestar úr henni.

Ferðalög og undirbúningur þeirra

Jón Freyr fór oft með okkur í ferðir út í náttúruna. Farið var með skólabílnum í Katlagil, skólasel Laugarnesskóla, á hverju ári og var það vinsælt hjá okkur krökkunum. Eitt sinn gengum við yfir Helgafellið úr Mosfellsbænum á leið í Katlagil.

Mynd 4

11 ára B á toppi Helgafells.




Þegar við lukum 12 ára bekk fórum við í ferð í Þórsmörk eins og við báðar, Hafdís og Jónína, minnumst.

Þessi ferð er algjörlega ógleymanleg, við keyrðum yfir árnar, gistum í skála Ferðafélagsins og fórum daglega í gönguferðir. Allt var vel skipulagt og ekki munum við eftir neinum vandræðum. Áður en lagt var af stað drógum við um sæti í rútunni og svo vorum við auðvitað með söngbók. Það var sungið í rútunni alla leiðina og á kvöldin var kvöldvaka þar sem við sungum og dönsuðum.

Mynd 5

Jón Freyr borðar nestið sitt í skólaferðalagi.



Ferðalögunum fylgdi kostnaður sem við þurftum að greiða sjálf. Jón Freyr var útsjónarsamur með að finna leiðir til að safna í ferðasjóð. Pabbi einnar bekkjarsystur okkar vann í prentsmiðju og fékk Jón hann til að útbúa rissblokkir, úr afgangspappír frá honum, sem við gátum keypt. Hann fékk líka að kaupa efni í stíla- og reikningsbækur hjá prentsmiðjunni, skar pappírinn sjálfur, útbjó kápu og hefti bækurnar saman. Við gátum svo keypt þær með örlítilli álagningu. Við höldum líka oft skemmtanir fyrir foreldra okkar og fjölskyldur og þá var borgaður aðgangseyrir. Þannig safnaðist smám saman í ferðasjóð.

Mynd 6

Bekkjarskemmtun 12 ára B vorið 1965.



Mynd 7

Bekkjarskemmtun 12 ára B vorið 1965.



Mynd 8

Bekkjarskemmtun 12 ára B vorið 1965.



Samfélag bekkjarins í 60 ár

Nemendur í B-bekknun, sem varð til haustið 1960 og tilheyrðu bekknum í lengri eða skemmri tíma, hafa haldið tengslum síðan. Sumir fluttu í önnur bæjarfélög og fóru í skóla þar og aðrir komu seinna í bekkinn. Hópurinn hefur hist nokkuð reglulega síðan árið 1985 en þá voru liðin 20 ár síðan við lukum barnaprófi. Þá hittist allur árgangurinn en kennurunum var ekki boðið með.

Við söknuðum þess á þessum fyrsta fundi að kennarinn okkar var ekki með okkur og ákváðum að næst þegar bekkurinn hittist vildum við hafa Jón Frey með. Haustið 1995 hafði undirbúningshópur samband við hann og ákváðum við að hittast og eyða saman laugardegi. Við byrjuðum á að koma saman í Laugarnesskóla þar sem Jón Freyr tók á móti okkur og við rifjuðum upp atburði úr skólagöngunni. Að því loknu héldum við í Mosfellsdal þar sem við fengum leiðsögn um dalinn. Þaðan var haldið í skólasel Laugarnesskóla í Katlagili í Mosfellsdal. Við byrjuðum á að ganga um skógræktina þar sem við höfðum gróðursett tré 30 árum fyrr. Svo hituðum við kakó og borðuðum mjólkurkex með eins og vaninn var að gera. Við settumst í hring og sögðum frá því sem á daga okkar hafði drifið. Tveir skólabræður okkar voru að glíma við illvíg veikindi á þessum tíma en lögðu samt á sig að eyða deginum með okkur. Þeir sögðu sögur sem snertu okkur djúpt og rúmu ári síðar höfðu þeir báðir kvatt þetta líf. Um kvöldið borðuðum við svo saman á veitingastað í Mosfellsbæ.

Jón Freyr varð sextugur í apríl 1996 og hélt þá veglega veislu. Hann bauð okkur í afmælið sitt og mættu mörg okkar þar. Þetta var eftirminnileg samkoma þar sem við fengum að kynnst fjölskyldu hans og vinum.

Árið 2005 hittist hópurinn næst og borðaði saman kvöldverð. Þá voru aftur rifjaðar upp sögur og við sögðum hvert öðru frá því sem hafði drifið á daga okkar. Í mars 2009 var stofnuð Facebook-síða bekkjarins og höfum við nýtt hana til deila upplýsingum og rifja upp gamlar minningar. Haustið 2015 hittist hópurinn í síðasta sinn með Jóni Frey. Þá tók hann á móti okkur í Laugarnesskóla og sýndi okkur nýbygginguna. Það var gaman að sjá hve vel hafði tekist til við fella nýja húsið að því gamla. Eftir það fórum við svo á veitingastað og borðuðum saman kvöldmat. Þá gafst enn tækifæri til að rifja upp gamla tíma og deila nýrri reynslu hvert með öðru.

Við nýttum Facebook-síðuna til að undirbúa samkomuna og skiptumst á þökkum eftir hana. Jón Freyr tók þátt í þessum samskiptum og skrifaði:

Kæru nemendur. Takk fyrir ánægjulega kvöldstund. Það er mér mikils virði að heyra frá ykkur og hitta ykkur. Þessi ár sem ég var kennari ykkar voru sérlega ánægjuleg. Skólayfirvöld leyfðu mér að hafa talsvert frjálssar hendur um hvernig ég hagaði kennslunni og þið voruð tilbúin að vinna með mér. Þetta eru bara góðar minningar.

Mynd 9

Jón Freyr segir fyrrverandi nemendum sínum frá nýbyggingu Laugarnesskóla.



Á áttæðisafmæli Jóns, í apríl 2016, færðu tvær bekkjarsystur Jóni blómvönd fyrir hönd bekkjarins. Hann var þá að glíma við krabbamein en var bjartsýnn á framtíðina og virtist fullur orku. Hann varð þó að lúta í lægra haldi fyrir því og lést í desember 2019. Við nýttum Facebook-hópinn okkar til að hjálpast að við að safna efni í minningargrein um Jón. Við vorum mörg sem mættum í útför hans og fundum þá vel fyrir hve böndin sem hnýtt voru undir handleiðslu hans voru traust.

Hlúð að nemendum

Þegar við horfum til baka og ræðum hvað hefur haft áhrif á hve sterk félagsleg tengsl sköpuðust í bekknum er margt sem við skiljum núna en skildum ekki til fulls meðan við vorum börn. Nemendur bekkjarins bjuggu við ólíkar aðstæður og mörg þurftu að takast á við erfið áföll svo sem fátækt, erfiðar heimilisaðstæður, langvarandi veikindi og foreldramissi. Við skiljum núna hve vel Jón hlúði að öllum þessum börnum með því að veita þeim hlýju og stuðning sem er mikilvægur öllum börnum.

Hann sagði okkur frá því að þegar hann var að undirbúa ferðalagið í Þórsmörk hefði verið tvísýnt um hvort einn bekkjarbróður okkar gæti farið með í ferðina vegna alvarlegra veikinda. Jón fór heim til hans og foreldrar hans settu Jón inn í hvernig þyrfti að bregðast við ef upp kæmi alvarlegt tilvik, „og þau tóku sem betur fer ákvörðun um að hann færi líka,“ sagði Jón.

Í minningargrein um Jón Frey sagði Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur, frá því þegar hún fékk að skipta um skóla vegna þess að henni leið ekki vel í skólanum sínum:

Það er ekki einfalt mál fyrir ungan kennara að taka við barnahópi sem telur á þriðja tug ólíkra einstaklinga og gera úr honum gott og heilbrigt samfélag. Það tekst ekki nema með mikilli vinnu, innsæi og virðingu fyrir hverjum og einum. Hópurinn sem tók á móti mér var þegar mótaður af vinnubrögðum Jóns Freys. Þau kunnu að vinna saman, leika saman, dansa saman og syngja saman. Og þau kunnu líka að taka á móti nýjum meðlimi, taka utan um mig og leyfa mér að vera með. Kvíðinn vék fyrir gleði og vinabönd mynduðust sem aldrei hafa slitnað.

Erna Indriðadóttir, fjölmiðlakona, skrifaði í minningargrein sinni um Jón Frey og þau áhrif sem hann hafði á hana:

Þegar ég var átta ára var ég sett í B-bekkin hjá Jóni Frey Þórarinssyni í Laugarnesskóla. Ekki grunaði mig þá hvílikt ævintýri ég átti fyrir höndum og skildi það heldur ekki til fulls fyrr en mörgum árum síðar, hversu mikil gæfa þetta var fyrir mig. Hann átti eftir að kenna okkur að dansa, vinna saman í hópverkefnum, halda fyrir okkur grímuböll, setja upp leikrit og fara í ferðalög, sem við söfnuðum fyrir, þannig að í 12 ára bekk komumst við í tveggja daga ferðalag inn í Þórsmörk. Hann kenndi okkur skák og bridge og líka að taka myndir, framkalla þær og stækka. Ég undi mér vel í ljósmyndaklúbbum og hef allar götur síðan haft mikinn áhuga á ljósmyndun.

Þegar við gömlu bekkjarfélagarnir hittumst er rauði þráðurinn í samræðum okkar þau jákvæðu áhrif sem hann hafði á okkur sem námsmenn og þátttakendur í samfélagi.

Að lokum

Þörfin fyrir að skrifa um framsækna kennsluhætti kennarans sem kenndi okkur, upp úr miðri síðustu öld, hefur fylgt okkur lengi. Hugsjón Jóns Freys var „að leggja áherslu á samvinnu, upplýsingamiðaða kennslu, sjálfstæð vinnubrögð nemenda og uppeldisfræði sem tæki mið af börnum og jafnréttishugsjón frekar en úrvalsstefnu skólayfirvalda“. Hann kynnti sér kennsluhætti þar sem áhersla var lögð fjölbreytni svo sem hópvinnu, sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, leitarnám og námstækni. Hann var líka áhugasamur um að nýta sér nýja tækni í kennslu, svo sem notkun skyggju- og kvikmyndasýningavélar.

Umfjöllun um skólamál í *Menntamálum* á árunum 1946 til 1967 gefur til kynna að kennarar hafi verið vakandi fyrir nýjum straumum um kennslu og uppeldi barna. Margir fengu tækifæri til að fara í námsferðir til að kynnst því sem var að gerast í skólamálum í nágrannalöndum okkar og skrifuðu um það sem þeir kynntust á ferðum sínum. Höfundar vísuðu hvergi til eigin kennslu og gáfu engin dæmi um kennslu í skólum á Íslandi. Sumir þeirra voru þó að þróa kennsluhætti sína í takti við það sem fram kom í skrifum þeirra. Sigurþór Þorgilsson var einn af þeim en hann kenndi í Miðbæjarskólanum og síðar í Breiðholtsskóla. Jón Freyr fékk að fylgjast með kennslu hans og ræddi við hann um starfsfrænar uppeldis- og kennsluáðferðir sem Sigurþór hafði tileinkað sér.

Rýni í skrifin í *Menntamálum* og samræður okkar um þau hafa endurtekið leitt hugann að námstíma okkar hjá Jóni Frey. Í þeim hafa vinnubrögð hans endurspeglast og sáum við hvaðan hugmyndir hans komu. Nýmælin í fræðslulögunum um jafnrétti til náms, áherslan á að nemandinn nyti sín sem best, skrif kennara um starfsuppeldisfræði, frjálstar starfsaðferðir, frjálsmannleg vinnubrögð, frjáls lífræn vinnubrögð, starfsfrænar uppeldis- og kennsluáðferðir og reynslunám sáum við endurspeglast í reynslu okkar sem nemendur Jóns. Við nutum þess sérstaklega að lesa grein Sigurþórs frá 1963, *Hið innra skólastarf*, bæði gagnrýni hans á skólastarf samtíma hans og það sem hann skrifaði um uppeldis- og kennsluhætti. Þá sjö þætti um námstækni sem hann taldi upp endurþekktum við alla úr starfinu hjá Jóni. Þá fundum við líka samhljóm í skrifum Magnúsar Gíslasonar um persónuleika kennarans og framkomu Jóns Freys við nemendur. Hann hafði gott lundarfar, var alltaf yfirvegaður og þó hann þyrfti stundum að bregðast við óvæntum uppákomum þá sáum við hann aldrei skipta skapi. Ljúfmannleg framkoma hans leiddi til þess að við virtum hann og lögðum okkur fram við námið og samskipti við aðra. Tilvitnanir í bekkjarfélagi okkar styðja við þá mynd sem við höfum af kennslu hans. Á Facebook-síðu bekkjarins hafa margir tjáð sig um reynslu sína af námstímanum hjá honum. Einn bekkjarfélagi okkar skrifaði í september 2015:

Kæru þið öll sem voruð á bekkjarhittingnum á föstudag fyrir rúmri viku. Það var mjög skemmtilegt að hitta ykkur öll, já einstaklega skemmtilegt. Böndin eru sterk sem myndast í barnæsku og ég tala nú ekki um þegar minningarnar eru svona góðar. Að öllum öðrum ölstuðum þá getum við þakkað Jóni kennara fyrir þessar góðu minningar.

Jón Freyr var gagnrýninn á þau vinnubrögð sem tíðkuðust við upphaf kennsluferils hans að raða nemendum í bekk eftir einkunum á prófum og neitaði að taka þátt í því. Hann vildi ekki heldur

hampa þeim nemendum, sem vel gekk í námi, fram yfir aðra, en lagði sig fram um að styðja alla nemendur sína og hugaði sérstaklega vel að þeim sem þurftu á stuðningi að halda. Hópvinnu, söngur ferðalög, dans, ljósmyndaklúbbur, bekkjarskemmtanir og annað félagsstarf voru allt þættir sem stuðluðu að samheldni bekkjarins. Við sem vorum nemendur Jóns Freys á árunum 1960–1967 búum að framsýnum og skapandi kennsluháttum hans og alúð við nemendur. Með glæðlegri framkomu sinni og ljúfmennsku og vilja til að gefa svigrúm fyrir fjölbreytni í skólastarfi hefur hann verið okkur jákvæð fyrirmynd í lífi og starfi.

A progressive teacher who attended to children's needs Jón Freyr Þórarinnsson

In this article, we highlight the work of our teacher 60 years ago who emphasised cooperation, information-based teaching, independent students, child-centred pedagogy and equality. Jón Freyr Þórarinnsson was our classroom teacher for five years. He had a great influence on us and our view of teaching. He began his teaching at Laugarnesskóli after completing his teacher training. We enjoyed his progressive teaching, where the class spirit was nurtured, and all students were respected.

Our study used narratives and retrospective data collection and analysis. The foundation for the narratives included our conversations with Jón about his teaching methods, our memories, and data and photos from the school work.

We focus on what was happening in education in Iceland at the time Jón Freyr taught us. We mainly looked through publications in *Menntamál*, the main educational journal in Iceland. Psychologists, educational leaders and teachers wrote in the journal. We chose to study aspects that we believe characterised Jón Frey's teaching methods. We discuss the teacher as a professional, the teaching methods, and learning and teaching conditions, emphasising accommodating students to strengthen their personal development. Cooperation between students, helpfulness, mutual responsibility and respect for classmates form the class spirit (Sigurþór Þorgilsson, 1963).

Jón Freyr used group work, information-based learning, student-created workbooks and study techniques in his teaching, emphasising cooperation and empathy among his students. His teaching methods were progressive, and his view of school work and work with students laid the foundation for strong social ties between his classmates.

The teaching methods that Jón Freyr learned from Sigurþór (a classroom teacher hired by the district to teach other teachers about group work) were especially useful in subjects such as geography, history, natural science, and Christianity. In geography, we made large maps that were coloured in elevation colours. In natural science, we drew animals and plants on large cards and recorded information about them. When we worked on settlers in Icelandic history, we made a map of Iceland and marked its settlement lands. Two projects made in 3D are particularly memorable to us: an aquarium and an aviary created by the students where they drew birds and fish, cut them out and hung them in their respective containers.

Jón Frey's vision of teaching children was expressed in all the classwork. It was not only his teaching methods but also all his interactions with us as students that were characterised by the fact that he had the best interests of all of us at heart. Both authors have very clear memories of the time he took charge of the class and united three groups of students into one class. In writing this chapter, we have found it easy to recall memories from our elementary school years. We have met our classmates regularly since 1985, and during our meetings, we have discussed what we remember most from our time at Laugarnesskóli. When we look back and discuss what has influenced our strong social relationships in the class, we understand many things now but did not fully understand when we were children.

The need to write about the progressive teaching methods from the middle of the last century by the teacher who taught us has been with us for a long time. Jón Freyr told us that his ideal was “to emphasise cooperation, information-based teaching, independent working methods of students and pedagogy that takes children into account and the ideal of equality rather than the elite policy of the school authorities”. Reviewing the publications in *Menntamál* and our conversations about them have repeatedly brought to mind our time with Jón Freyr. His teaching methods have been reflected in them, and we realised the source of his ideas. In our experience as Jón’s students, we saw the innovations in the Education Act on equal access to learning, the emphasis on the student making the most of himself, teachers’ writings about vocational pedagogy, free work methods, free humanistic work practices, free organic work practices, functional parenting, and teaching methods and experiential learning reflected. We particularly enjoyed reading Sigurþór’s article from 1963, *The Internal School Work* *Hið innra skólustarf*, both his criticism of the schools of his time and what he wrote about teaching methods. We reacquainted ourselves with the seven aspects of learning technology he listed in Jón’s work. We also found harmony in Magnús Gíslason’s writings about the teacher’s personality and Jón Frey’s behaviour with students. He had a good disposition and was always balanced. His gentle demeanour made us respect him and put more effort into our studies and interactions with others.

Keywords: Progressive teaching, Group work, Information-based learning, Student-created workbooks, Social relationship

Um höfunda

Hafðís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) er prófessor emerita en hún starfaði áður við Kennaraháskóla Íslands og síðan Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á fyrri hluta starfsferilsins starfaði hún sem kennari við grunnskóla í Reykjavík og Hafnarfirði og sinnti bæði bekkjar- og sérkennslu. Rannsóknir hennar byggjast aðallega á eigindlegum rannsóknnum, starfstengdri sjálfsrýni og starfendarannsóknnum. Í rannsóknnum sínum leggur hún áherslu á menntun án aðgreiningar, fjölmennningarlega kennslu, kennslufræði, starfsþróun kennara og fagmennsku, en einnig á kennaramenntun og þróun kennaramenntenda. Hún hefur birt fjölda greina og kafla en einnig hefur hún verið ritstjóri tveggja tímarita: *Tímarit um uppeldi menntun* og *Teaching and Teacher Education*.

Jónína Vala Kristinsdóttir (joninav@hi.is) er fyrrverandi dósent í stærðfræðimenntun við deild kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1975, meistaraþrófi frá sömu stofnun árið 2003, doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 2016 og prófi í uppeldisfræði frá Uppsalaháskóla 1983. Hún var bekkjarkennari og æfingakennari við Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands í 20 ár. Jónína hefur skrifað námsefni í stærðfræði fyrir miðstig grunnskóla, unnið að námskrárgerð í stærðfræði og kennt á fjölmörgum námskeiðum fyrir kennara auk kennslu í grunn- og framhaldsnámi kennara um stærðfræðimenntun. Rannsóknarsvið hennar tengist stærðfræðinámi og -kennslu í skóla fyrir alla, starfstengdri sjálfsrýni og samvinnurannsóknnum með kennurum.

About the authors

Hafðís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) is a professor emerita. She worked at the University of Iceland School of Education (IUE) for 22 years. Before working at the university, she taught for 26 years as a general classroom teacher and special educator at a compulsory school. Her qualitative research methodology mainly focuses on the self-

study of education practices. Her research interests include inclusion and multicultural education, pedagogy and educational practices, teacher development and professionalism and teacher education.

Jónína Vala Kristinsdóttir (joninav@hi.is) is a former Associate Professor of Mathematics Education at the University of Iceland School of Education. She completed a bachelor's degree in 1975 and a master's degree in education from the Iceland University of Education. She completed a bachelor's degree in pedagogy from the University of Uppsala in 1983 and her PhD from the University of Iceland in 2016. Jónína worked for twenty years as a general classroom teacher in primary schools. Teaching is her primary profession, and she has been active in curriculum planning and writing in mathematics for primary schools. She taught undergraduate and graduate courses in mathematics education. Her research interests are mathematics learning and teaching in diverse classrooms, developmental research with teachers, and the self-study of teacher education practices.

Heimildir

- Ahouanméhou-Agueh, F. (2002). *Retrospective study on girls' education in Mali and the use of the simulation model for education management. A Women in development technical assistance project WID TEACH*. https://pdf.usaid.gov/pdf_docs/Pnade343.pdf
- Ármann Halldórsson. (1947). Sitt af hverju tæi. *Menntamál*, 20(1–2), 37–40. <https://timarit.is/page/4554276#page/n41/mode/2up>
- Ármann Kr. Einarsson. (1962). Skólabókasöfn. *Menntamál*, 35(3), 235–243. <https://timarit.is/page/4558654#page/n19/mode/2up>
- Árni Guðmundsson. (1962). Ávarp að dansnámskeiði loknu. *Menntamál*, 35(3), 309–312. <https://timarit.is/page/4558728#page/n93/mode/2up>
- Ásgeir Guðmundsson. (1962). Um próf í barnaskólum. *Menntamál*, 35(2), 100–113. <https://timarit.is/page/4558248#page/n9/mode/2up>
- Caine, V., Estefan, A. og Clandinin, D. J. (2013). A return to methodological commitment: Reflections on narrative inquiry. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 57(6), 574–586. <https://doi.org/10.1080/00313831.2013.798833>
- Clandinin, D. J. (2006). Narrative inquiry: A methodology for studying lived experience. *Research Studies in Music Education*, 27(1), 44–54. <https://doi.org/10.1177/1321103X060270010301>
- Clandinin, D. J. (2013). *Engaging in narrative inquiry*. Left Coast Press.
- Dalmau, M. C. og Hafðís Guðjónsdóttir. (2017). From the beginning to the future: The professional working theory emerging. Í M. C. Dalmau, Hafðís Guðjónsdóttir og Deborah Tidwell (ritstjórar), *Taking a fresh look at education: Framing professional learning in education through self-study* (bls. 129–148). Sense.
- Gestur Þorgrímsson. (1962). Fjölskynskennsla og tæki hennar. *Menntamál*, 35(2), 148–168. <https://timarit.is/page/4558296#page/n57/mode/2up>
- Gestur Þorgrímsson. (1965). Fjölskynskennslutæki. *Menntamál*, 38(3), 291–314. <https://timarit.is/page/4559392#page/n67/mode/2up>
- Glewwe, P., Kremer, M., Moulin, S. og Zitzewitz, E. (2004). Retrospective vs. prospective analyses of school inputs: The case of flip charts in Kenya. *Journal of Development Economics*, 74(1), 251–268. <https://doi.org/10.1016/j.jdevec.2003.12.010>
- Guðjón Guðjónsson. (1955). Kvikmyndir í skólum. *Menntamál*, 28(2), 145–153. <https://timarit.is/page/4555996#page/n81/mode/2up>
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Í þröngum stakki. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 66–80). Háskólaútgáfan.
- Helgi Tryggvason. (1952). Skólar og skuggamyndir. *Menntamál*, 25(3), 95–97. <https://timarit.is/page/4555390#page/n23/mode/2up>

- Hlynur Ó. Björnsson. (2008). Tímamótin 1946: Alhliða áttak. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Síðara bindi: Skóli fyrir alla 1946–2007* (bls. 24–40). Háskólaútgáfan.
- Jóhannes Óli Sæmundsson. (1955). Stafsetningarorðabók. *Menntamál*, 28(2), 98–103. <https://timarit.is/page/4555950#page/n35/mode/2up>
- Jón E. Guðjónsson. (1962). Ríkisútgáfa námsbóka 25 ára. *Menntamál*, 35(2), 211–216. <https://timarit.is/page/4558358#page/n119/mode/2up>
- Jón Kristgeirsson. (1956). Námsferð til Norður-Ameríku 1954–55. *Menntamál*, 29(1), 3–16. <https://timarit.is/page/4556170#page/n7/mode/2up>
- Jónas B. Jónsson. (1955). Bókasöfn í skólum. *Menntamál*, 28(2), 120–127. <https://timarit.is/page/4555972#page/n57/mode/2up>
- Jónas Guðjónsson. (1960). Skólagangan hefst. *Menntamál*, 33(2), 103–113. <https://timarit.is/page/4557555#page/n8/mode/2up>
- Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu nr. 22/1946.
- Magnús Gíslason. (1960). Að vera kennari. *Menntamál*, 33(3), 177–186. <https://timarit.is/page/4557648#page/n9/mode/2up>
- McMillan Culp, K., Honey, M. og Mandinach, E. (2005). A retrospective on twenty years of education technology policy. *Educational Computing Research*, 32(3), 279–307. <https://doi.org/10.2190/7W71-QVT2-PAP2-UDX7>
- Sigurður Gunnarsson. (1956). Frjáls skólastörf: Síðari grein. *Menntamál*, 29(2), 152–163. <https://timarit.is/page/4556324#page/n25/mode/2up>
- Sigurður Pétursson. (1958). Nám í náttúrufræðum á Íslandi. *Menntamál*, 31(2), 55–77. <https://timarit.is/page/4556840#page/n1/mode/2up>
- Sigurþór Þorgilsson. (1963). Hið innra skólastarf. *Menntamál*, 36(1), 62–79. <https://timarit.is/page/4558458#page/n75/mode/2up>
- Skúli Þorsteinsson. (1953). Um framkvæmd fræðslulaganna. *Menntamál*, 26(2), 52–57. <https://timarit.is/page/4555504#page/n9/mode/2up>
- Skúli Þorsteinsson. (1958). Skógræktin og skólaæskan. *Menntamál*, 31(2), 116–121. <https://timarit.is/page/4556902#page/n63/mode/2up>



Hafðís Guðjónsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir. (2023).

Framsækinn kennari sem hlúði að nemendum: Jón Freyr Þórarinnsson

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2023 – Þau skiptu máli: Sögur grunnskólakennara

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2023/sogur_grunnskolakennara/02.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.11>